

Fréttabréf ÞFÍ – 16. nóvember 2009 bls. 3

„Elska landið“

„Það skorti tækifæri hér áður fyrr, þess vegna kom ég ekki fyrr. Mig langaði að koma til Íslands því rætur mínar liggja hér og því meira sem ég lærði því meira langaði mig að koma,“ segir hinn 44 ára gamli Guido Perin Barddal frá Curitiba í Paranáhéraði í Brasilíu sem dvaldi hér á landi í eina viku nýverið ásamt vini sínum Marcos Antonio Baja. Íslenskar rætur Guido liggja í föðurætt en langafi hans, Jónas Friðfinnsson Bárðdal frá Arndísarstöðum, fór árið 1863, þá 26 eða 27 ára, til Brasilíu ásamt þremur öðrum mönnum úr Bárðardal. Hann segir þabba sinn hafa talað mikið um sögu Íslands og ýmsar staðreyndir frá því hann var lítil strákur. Jónas kvæntist konu af þýskum ættum en móðir Guidos er af ítölskum ættum og er hann í góðu sambandi við ættingja sína á Ítalíu.



Guido (vinstri), Ásta Sól og Marcos á Stokkseyri í byrjun nóvember.

Guido er stjórnarmeðlimur í AISBRA - ASSOCIAÇÃO ISLÂNDIA-BRASIL sem er félag Brasilíumanna af íslenskum ættum. Haldnir eru fundir einu sinni í mánuði og eru nú um 100 meðlimir í félaginu. Í bígerð er heimasíða félagsins sem verður á bæði portúgölsku og ensku. Mark-miðið er að ná til sem flestra afkomenda Íslendinga í Brasilíu en talið er að þeir séu á bilinu 1800 – 2000. Auk þess að koma upp heimasíðu er Íslendingafélagið með verkefni í farvatninu í samstarfi við ráðhús Curitiba og árið 2011 er fyrirhuguð opnun torgs til að gera Norðurlandþjóðunum hátt undir höfði. Félagið vill m.a. byggja torfhús, hafa lítið bókasafn og kynna ýmislegt sem einkennir Ísland.

Báðir ætla þeir félagar að koma aftur til Íslands og vill Guido að 17 ára sonur sinn komi hingað til náms. „Jean Paul er góður námsmaður og elskar að læra,“ segir hann og bætir við að Brasilíumönnum af íslenskum ættum séu menntun og menningarskipti afar hugleikin og

forsenda fyrir framtíð landsins. „Ég elska landið og ætla að segja öllum ættingjum og vinum frá því. Fólk er mjög forvitið um Ísland en veit mjög lítið um það, heldur að hér sé bara ís og snjór,“ segir Guido og hlær.



Jónas Friðfinnsson. Úr bókinni Framtíðarlandið eftir Vigfús Guðmundsson

Guido rekur fyrirtækið Bernnet – tölvulausnir og Marcos bensínflutningafyrirtækið Transgás – Marco á rætur að rekja til Póllands og ætla að ferðast um austur Evrópu á næsta ári.

Fjörugt þjóðræknisþing í Gimli

Svipmyndir frá þinginu í Gimli í apríl 2009.



Baggalútur skemmti á þinginu við mikinn fögnuð gesta



Atli Ásmundsson aðalræðismaður og Þrúður Helgadóttir kona hans skemmtu sér konunglega



Barnakór Nýja Íslands í íslenskum þjóðbúningum

Forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi 2009-2010 er Geraldine McDonald og Gail Einarson-McCleery er fyrsti varforseti.

Stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga er þannig skipuð. Almar Grímsson, formaður, -Eric Stefanson Guðríður Sigurðardóttir, Helgi Ágústsson, Wincie Jóhannsdóttir, Þorvarður Guðlaugsson og Þóra Hrönn Njálisdóttir. Varamenn: Halldór Árnason Kent Lárus Björnsson og Jón Hlöðver Áskelsson.